

## Minnisblað

**Efni:** Innborgun á eigendalán frá Orkuveitu Reykjavíkur  
**Viðtakandi:** Borgarstjóri  
**Sendandi:** Sviðstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Frá því að COVID-19 faraldurinn fór að hafa áhrif á íslenskan efnahag og efnahag Reykjavíkurborgar hafa hugmyndir verið ræddar um að Orkuveita Reykjavíkur greiddi aukalega til Reykjavíkurborgar inn á eigendalán sem veitt voru félaginu á árunum 2011 og 2013. Lánin voru verðtryggð til 15 ára, afborgunarlaus fyrstu 5 árin og með jöfnum afborgunum á 3 mánaða fresti eftir það. Eftirstöðvar skuldabréfanna eftir hefðbundna afborgun þann 1. júlí nk. verða 8.914 m.kr.

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur verið í sambandi við fjármálastjóra OR til að kanna hug félagsins á því að greiða aukalega inn á lánið. Fjármálastjóri OR hefur tekið vel í þær hugmyndir að greiða inn á lánin enda getur félagið fjármagnað sig á betri kjörum á markaði. Þann 29. júní barst sviðstjóra FÁST erindi frá OR þar sem óskað er eftir að greiða upp eldra eigendalánið sem Reykjavíkurborg veitti OR árið 2011 (dags. 13. apríl 2011). Eftirstöðvar lánsins eftir hefðbundna afborgun 1. júlí eru rúmlega 5.545 m.kr. og er ný greiðsluáætlun OR sem sniðin var í samráði með FÁST með eftirfarandi hætti:

Dags.	Fjárhæð
10.7.2020	2.000.000.000
1.8.2020	1.000.000.000
1.9.2020	1.000.000.000
1.10.2020	1.000.000.000
1.11.2020	545.000.000

Skuldabréfið veitir skuldara heimild til að greiða inn á lánið eða greiða lánið upp að fullu með 3 mánaða fyrirvara en sviðstjóri FÁST og fjármálastjóri OR telja að þessi greiðsluáætlun myndi henta báðum aðilum vel í stað þess að lánið væri allt greitt upp í einu. Uppgreiðsla sem þessi hefur mikil áhrif á bæði rekstur og sjóðstreymi Reykjavíkurborgar á komandi árum. Hér að neðan má sjá töflur sem útlista áhrif eigendalána til OR á rekstur og sjóðstreymi m.v. gildandi áætlun og uppgreiðslu á eldra eigendaláninu yfir árin 2020 til 2025.<sup>1</sup>

Eigendalán OR - Áhrif á rekstur	2020	2021	2022	2023	2024	2025	Uppsafnað
Vextir og verðbætur - Gildandi áætlun	589.780.110	519.372.986	422.007.813	336.021.580	242.917.439	145.115.566	2.255.215.494
Vextir og verðbætur - Uppgreiðsla eldra láns	456.918.641	179.210.248	152.026.887	129.826.924	105.370.871	79.416.280	1.102.769.851

  

Eigendalán OR - Áhrif á sjóðstreymi	2020	2021	2022	2023	2024	2025	Uppsafnað
Afborganir og vextir - Gildandi áætlun	1.747.617.011	1.743.617.530	1.733.876.474	1.721.111.600	1.705.981.734	1.688.569.667	10.340.774.015
Afborganir og vextir - Uppgreiðsla eldra láns	7.026.274.293	541.530.165	542.276.667	542.284.369	541.761.208	540.739.154	9.734.865.856

<sup>1</sup> Ekki er tekið tillit til 22% fjármagnstekjuskatts sem hefur neikvæð áhrif á sjóðstreymi og rekstrartölur en Reykjavíkurborg greiðir fjármagnstekjuskatt af greiddum vöxtum og greiddum verðbótum.



Til að veða upp á móti neikvæðum áhrifum sem uppgreiðsla lánsins hefur á rekstur yfir ofangreint tímabil er rétt að líta til þess kostnaðar sem verður til við lántöku af sömu stærðargráðu og uppgreiðslan. Þar sem ljóst er að uppgreiðsla á láninu dregur úr lántökupörf A-hluta og hún hjálpar því til við að brúa það tekjutap sem hlýst af COVID-19 faraldrinum. Hér að neðan má sjá töflur sem sýna þann sparnað sem má ná fram með uppgreiðslu eldra eigendalánsins í stað lántöku af sömu fjárhæð. Í töflunni er verið að gera ráð fyrir útgáfu á skuldabréfum í RVKN 35 1 skuldabréfaflokknum en það sem af er árinu hefur lántaka nær eingöngu farið fram í honum.

Sparnaður við minni lántöku	2020	2021	2022	2023	2024	2025	Uppsafnað
Rekstur - Vextir	99.340.197	284.601.147	264.256.347	243.911.547	223.566.747	203.221.947	1.318.897.930
Sjóðstreymi - Afborganir og vextir	217.568.800	591.815.700	571.612.183	552.002.057	531.629.000	511.284.200	2.975.911.940

Í ljósi þess að fjárpörf borgarsjóðs á komandi mánuðum er umtalssverð ef halda á uppi sama eða auknu fjárfestingarstigi m.v. gildandi áætlun á meðan tekjutap er verulegt þá mælir fjármála- og áhættustýringarsvið með því að samþykkja beiðni OR um innborgun inn á eigendalán skv. skuldabréfi sem gefið var út þann 13. apríl 2011.

*Halldóra Káradóttir,*  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs